Könnunarskurður vegna Arnstapavegar við Ljósavatn

Stefán Ólafsson

Fornleifastofnun Íslands ses
FS865-21181
Reykjavík 2021

Forsíðumyndin sýnir eldri og yngri vegtenginu Arnstapavegs við þjóðveg nr. 1

© Fornleifastofnun Íslands ses
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551-1033
Fax: 551-1047
Veffang: fsi@fornleif.is

Efnisyfirlit

Yfirlitskort	4
Inngangur	6
Framkvæmd	6
Aðferðafræði	7
Rannsókn	7
Niðurstöður	8
Heimildir	10
Viðaukar	11



Loftmyndin sýnir staðsetningu könnunarskurðar og afstöu hans við aðra flóðgarða sem skoðaðir voru þegar vettvangsvinnan var unnin. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202107-0079

Þjóðminjasafnsnúmer: 2021- 48

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrslu: Minjastaðurinn hefur ekki verið skráður

Stutt lýsing rannsóknar: Könnunarskurður í garðlag til að komast að byggingarlagi þess, aldri og hlutverki.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn

Ástand fornleifa við lok rannsóknar: Grafinn var skurður í gegnum garðlag og svo var fyllt upp í skurðinn aftur að rannsókn lokinni. Garðlagið, sem er flóðgarður, er enn sýnilegt.

Staðsetning: Litlu Tjarnir, Ljósavatn, Ljósavatnshreppur, Suður-Þingeyjarsýsla

GPS hnit: A 559374 N 579901

Rannsóknartími: 24. - 25. ágúst 2021

Leyfishafi: Stefán Ólafsson

Fjöldi starfsmanna: 1

Útdráttur
Í lok ágústs 2021 var að beiðni Vegagerðarinnar grafinn könnunarskurður í landi Litlu-Tjarna, vestan Ljósavatns í Suður-Þingeyjarsýslu. Könnunarskurðurinn var grafinn í flóðgarð sem reyndist vera frá upphafi 18. aldar.

Lykilorð
Fornleifar, prufuskurður, áveita, flóðgarður, 18. öld, Litlu-Tjarnir, Arnstapi, Ljósavatn, Suður-Þingeyjarsýsla

Abstract
At the end of August 2021, at the request of The Icelandic Road and Coastal Administration, a test trench was excavated in the land of Litlu-Tjarnir, west of Ljósavatn in Suður-Þingeyjarsýsla. The trench cut through a turf boundary which is most likely a part of an irrigation system which can be dated to the beginning of the 18th century.

Keywords
Archaeology, test trench, irrigation system, 18th century, Litlu-Tjarnir, Arnstapi, Ljósavatn, Suður-Þingeyjarsýsla

Inngangur

Um mitt sumar 2021 óskaði Vegagerðin eftir því við Fornleifastofnun Íslands að hún tæki að sér að gera könnunarskurð í garðlag vestan Ljósavatns í Suður-Þingeyrarsýslu. Garðlagið hafði verið rofið þegar unnið var að tilfærslu nýrrar vegtengingu Arnstapavegar við þjóðveg nr. 1. Samkvæmt úrskurði frá Minjastofnun Íslands var gerð krafa til þess að athuga byggingarlag þess, aldur og hlutverk.[1] Garðlagið er í landi Litlu-Tjarnar[2] (SÞ-155) en hún er forn lögbýlisjörð sem fór í eyði 1948.[3] Fornleifar á jörðinni hafa ekki verið skráðar og hafði hlutverk garðlagssins ekki verið skráð eða kannað með skipulögðum hætti áður en rannsókn sú sem hér er til umfjöllunar fór fram.

Þegar rannsóknin var gerð 24. ágúst 2021 af Stefáni Ólafssyni sem einnig sá um úrvinnslu og ritun skýrslu. Hann naut aðstoðar Magnúsar Sigurgeirssonar sem greindi gjóskusýni sem aflað var við rannsóknina.

Framkvæmd

Könnunarskurður sem var um 4 m langur og 160 cm á breidd var grafinn þvert á garðlag sem er um 600 m vestan við Ljósavatn og um 120 m aust-suðaustan við bæjarhól Litlu-Tjarna. Garðlagið er í deiglendum snarrótarmóa, um 100 m langt og liggur frá vesturbakka Kambsár til norðvesturs í áttina að bæjarhól Litlu-Tjarna, þar hverfur það undir þjóðveg nr. 1. Þegar Minjastofnun veitti umsögn um breytingu á Arnstapavegi 26. febrúar 2021 hafði framkvæmdin þegar átt sér stað. Breytingin fólst í því að færa vegtengingu Arnstapavegar við þjóðveg nr. 1 (Norðurlandvegur) um 40m til vesturs.

Garðlagið hafði áður verið rofið vegna eldri heimreiðar Arnstapa en sú liggur fast meðfram vesturbakka Kambsár. Þessi nálægð vegarins við ánna var ein ástæða þess að farið var í breytingarnar en auk þess þurfti að laga frágang á vegriði á þjóðveginum við Kambsá til að auka umferðaröryggi þar.[4]

Til að kanna byggingarlag garðlagsins, aldur þess og hlutverk var grafinn skurður þvert á það með vélgröfu. Snið skurðarins voru rannsökuð,ljósmynduð og annað þeirra teiknað í skalanum 1:10. Skurðurinn var staðsettur með Trimble Geoexplorer 6000 Series. Þegar skráningu var lokið var fyllt upp í skurðinn aftur.

Skurðurinn var grafinn með lítilli vélgröfu og var jarðvegurinn mjög rakur en sem betur fer þá safnaðist ekki vatn fyrir í skurðinum.

1 MÍ202102-0103/ 6.07/ K.M
2 Skipulagsstofnun, 2021, bls. 1
3 Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985, 1986, bls. 221
4 Skipulagstofnun, 2021, bls. 1.

Aðferðafræði

Þegar fornleifarannsókn er gerð með greftri könnunarskurða, er ein eða fleiri hliðar hvers skurðar skráðar með svokallaðri sniðteikningu. Sniðteikningin sýnir númeruð jarðlög (einingar) og fylgir skráning þeirra svokallaðri einingaaðferð (e. single context recording), sem lýst er í uppgraftarhandbók Fornleifastofnunar Íslands.[5] Aðferðin felur í sér að hugsað er um hvert jarðlag/mannvistarlag (t.d. holu, gröf, eða byggingahluta) í könnunarskurðinum sem einstakan atburð (einingu). Hver eining er skráð með númeri sem er einstakt innan hvers rannsóknarsvæðis sem unnið er á. Rannsóknasvæði geta verið mismörg eftir rannsóknum. Samhengið á milli einninganna sem skráð er sýnt á sniðteikningu.



Skýringamynd sem sýnir hvernig mannvistalög / einingar eru númeruð.

Rannsókn

Garðlagið sem rannsakað var liggur um deiglendan snarrótarmóa. Það hefur upphaflega verið að lágmarki um 100 m langt og samfellt en er núna í þremur aðskildum hlutum. Stysti hluti garðlagsins er á milli Kambsár og eldri Arnstapavegar. Sá hluti er allur hlaupinn í þúfur. Annar hlutinn er svo á milli yngri og eldri Arnstapavegar, þar er hann þokkalega greinilegur en vestan við Arnstapaveg yngri er þriðji hluti garðlagsins og er hann frekar ógreinilegur. Það var því ákveðið að grafa könnunarskurðinn í þann hluta garðlagsins sem lá á milli Arnstapaveganna tveggja þar sem hann var greinilegastur.

Skurðurinn var hafður 4m langur og 160 cm á breidd. Hann var grafinn þvert á garðlagið og snéri því suðvestur og norðaustur. Jarðvegurinn á svæðinu var frekar rakur og reyndust mörkin milli jarðlaga í skurðinum ógreinileg. Bæði snið skurðarins voru hreinsuð og skoðuð en norðvestursniðið var teiknað.

Grafinn var skurður með lítilli gröfu í garðlag sem lá á milli yngri og eldri vegtenginu Arnstapavegar við þjóðveg nr. 1 (Norðurlandsveg).

Það reyndist einungis vera 6-20 cm niður á mannvistarlög. Milli grósugs yfirborðs [001] sem einkenndist af snarrót og garðlags [006] voru torfhrunslög [002] og [003] og svo vindblásin uppsöfnunarlög [004] og [005]. Garðlag [006] var að stórum hluta hlaðið úr frekar gráleitu torfi en torfið í kjarna þess var rauðgult. Garðlagið reyndist vera 117cm að breidd þar sem það var breiðast og um 35 cm á hæð. Það lá ofan á þunnu dökkleitu jarðlagi [010] sem í var gjóska sem er að öllum líkindum frá Veiðivatnagosinu 1717.[6] Engin sýnileg jarðvegsuppsöfnun var á milli garðlags [006] og jarðlagsins með gjóskunni [010] og því mun garðlagið hafa verið hlaðið mjög snemma á 18. öld eða fljótlega eftir að gjóskan féll. Garðlagið er eins og áður sagði í deiglendi

5 Lucas, Gavin. 2003.

6 Magnús Sigurgeirsson, munnleg heimild, 15. október 2021



Sniðteikningin sýnir norðvestursnið skurðar sem grafinn var þvert á flóðgarðinn sem var til rannsóknar. Torfhlaðinn veggur [006] er sýndur skyggður og jarðlag [010] sem í er gjóska frá 1717 er sýnt með þykkri svartri línu. Gjóskulag [015] sem er að öllum líkindum frá Veiðivötnum 1477 er sýnt með grárri skyggingu. Sum jarðlögin á teikningunni eru það þunn að ekki var hægt að koma eininganúmerunum fyrir innan marka þeirra. Í þeim tilfellum eru númerin sýnd utan við þau en rauð ör sýndir staðsetningu þeirra. Rofin lína með tveimur punktum sýnir skurðarmörk en rofin lína með einum punkt uppgraftarmörk.

og þegar umhverfi þess var skoðað mátti finna fleiri svipuð garðlög. Það liggur því beinast við að álykta að garðlagið hafi verið flóðgarður og hluti af stærri heild sem sjá má á mynd x. Fljótlega eftir að flóðgarðurinn [006] var hlaðinn hefur jarðlag [004] farið að safnast upp að honum og í kjölfarið hefur dregið úr viðnámi hans eða virkni. Suðvestan við flóðgarðinn eru ummerki eftir niðurgröft eða skurð [007]. Það var ójafn flái á skurði [007] sem var um 22 cm djúpur og skar jarðlög, [010], [011], [012] og [017]. Líklegt má telja að efnið í garðlagið hafi verið tekið mjög nærri þeim stað þar sem það var hlaðið og að þessi skurður hafi myndast við þann gjörning. Mannvistarlag [004] er skorið af skurði [018] og er skurður [018] beint fyrir ofan skurð [007]. Vera má að skurður [018] sé vegna rofs en einnig mætti leiða líkur að því að skurðir [007] og [018] séu einn atburður þar sem grafinn hafi verið skurður til að auka hæðarmun milli engis og flóðgarðs [006] og að þá væri um áveituskurð að ræða. Þó sjást engin ummerki um áveituskurð meðfram flóðgarðinum á yfirborði. Í jarðlögunum undir gjóskulagi [010] var ekki hægt að greina neina mannvist, en í þeim mátti samt greina vott um aðra gjósku [015] sem einnig mun vera frá Veiðivötnum en hún mun hafa fallið 1477.[7]

Niðurstöður

Garðlagið í landi Litlu-Tjarna virðist hafa verið flóðgarður. Ekki hefur farið fram kerfisbundin fornleifaskráning á landi Litlu-Tjarna en við vettvangsathugun sem gerð var þegar þessi rannsókn var framkvæmd kom í ljós að garðlagið er hluti af stærri heild flóðgarða sem liggja um deiglendi vestan Kambsár og austan tjarnar sem er norðaustan við Stóru-Tjarnir. Flóðgarðar eru oftast lág garðlög, eins og það sem hér var rannsakað, sem mynda, ásamt grunnum áveituskurðum og stíflum, áveitukerfi sem ætlað er að auka

Hér að ofan má sjá annan flóðgarð sem er lítið eitt sunnar en sá flóðgarður sem var rannsakaður. Báðir flóðgarðarnir munu vera hluti af stærra mannvirki.

7 Magnús Sigurgeirsson, munnleg heimild, 15. október 2021.

eða bæta slægjulönd og engi sem liggja þá venjulega nærri lækjum eða ám. Flóðgarðurinn sem hér var rannsakaður hefur upphaflega verið að lágmarki um 100 m langur en er núna í þremur aðskildum hlutum. Stysti hluti garðlagsins er á milli Kambsár og eldri Arnstapavegar, annar hlutinn er á milli yngri og eldri Arnstapavegar og svo er þriðji hlutinn á milli yngri Arnstapavegar og þjóðvegar nr. 1.

Þar sem hann sást í könnunarskurðinum var flóðgarðurinn torfhlaðinn, 117 cm á breidd sem það var breiðast og um 35 cm á hæð. Það hafði verið hlaðið skömmu eftir af gjóska frá Veiðivötnum féll 1717. Engar greinilega endurbætur sáust á flóðgarðinum sjálfum eftir að hann hafði verið hlaðinn en vera má að skurður sem grafinn hafði verið suðvestan við hann hafi átt að auka á virkni hans eftir að jarðvegur tók að safnast upp að honum.

Hér að ofan má sjá norðvestursnið skurðarins og sést torfveggurinn [006] fyrir miðri mynd.

Áveitumannvirki geta verið mjög gömul og eru til heimildir um slík mannvirki til frá 13. öld og er sú heimild reyndar frá Þingeyjarsýslu eins og flóðgarður sá sem hér hefur verið til umfjöllunar er líka.[8] Rannsóknir á flóðgörðum eru ekki margar, en þó ekki alveg óþekktar. Tvær þeirra eru frekar nýlegar og var tilurð þeirra beggja lagning hitaveitulagnar milli Hoffells og Hafnar í Hornafirði.[9] Önnur rannsóknin var gerð á Hoffelli en hin á Miðskeri. Engar gjóskur fundust í könnunarskurðinum sem grafinn var í flóðgarðinn á Hoffelli en engu að síður var talið að hann væri ekki yngri en frá 19. öld.[10] Rannsóknin sem gerð var á Miðskeri skilaði betri niðurstöðum því í þeim könnunarskurðum var hægt að greina gjóskur sem leiddu í ljós að flóðgarðarnir sem voru rannsakaðir voru frá 16. öld.[11] Aukin þekking á áveitu mannvirkjum er góð viðbót við þá flóru búskaparhátta sem hafa verið rannsakaðir betur. Ragnheiður Gló Gylfadóttir sem hefur rannsakað tildrög og umfang áveiturnar í Flóa og á Skeiðum sem er talin vera ein stærsta framkvæmd Íslandssögunar getur þess í skýrslu sinni sem hún reit um þá rannsókn að mun ítarlegri rannsókna er þörf á fornum áveitunum. Því með þeim væri hægt að fá heilstæðari hugmynd um fóðurgetu bæja á fyrri öldum.[12]

8 Íslenzkt fornbréfasafn, 1893, bls. 3
9 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir 2018; Lilja Björk Pálsdóttir 2019
10 Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir 2018, bls. 17
11 Lilja Björk Pálsdóttir 2018, bls. 10
12 Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020, bls. 66

Heimildir

Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985, Reykjavík 1986.

Íslenzkt fornbréfasafn (1897). Diplomatarium Islandicum. Annað bindi, 1253 - 1350. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Lilja Björk Pálsdóttir (2019). *Könnunarskurðir í landi Miðskers vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði.* FS773-19421. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses

Lilja Laufey Davíðsdóttir og Lilja Björk Pálsdóttir (2018). *Skráning fornleifa vegna hitaveitulagnar frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði – 3. áfangi.* FS719-18421. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses

Lucas, Gavin. (2003). *Archaeological field manual*. Óútgefið leiðbeiningarit. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

MÍ202102-0103/ 6.07/ K.M: Bréf Minjastofnunnar Íslands, 28. apríl 2021. MÍ202102-0103/ 6.07/ K.M. Efni: Breyting á Arnstapavegi í Þingeyjarsveit. Reykjavík: Minjastofnun Íslands

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (2020). *Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum frá 20. öld í Flóa og á Skeiðum.* FS788-18111. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses

Skipulagsstofnun (2021). Arnstapavegur í Ljósavatnsskarði, Þingeyjarsveit. Ákvörðun um matskyldu. 202011116. Dagsett: 13. apríl 2021. Reykjavík: Skipulagsstofnun

Viðaukar:

Einingaskrá:

001 Yfirborð, þýft og einkennist af mikilli snarrót.
002 Torfhrun, rauðgult með gráum flekkjum.
003 Rauðgult torfhrun.
004 Vindblásið uppsöfnunarlag með vott af torfhruni. Rauðgult að ofan en gráleitara að neðan.
005 Vindblásið uppsöfnunarlag. Dökkgrátt.
006 Torfhlaðinn veggur. Ytrabyrði torfveggsins er hlaðið úr gráleitu torfi en torfið í kjarna hans er rauðgult.
007 Skurður.
008 Steingrátt jarðlag með vott af rauðgulum flekkjum.
009 Rauðgult og grátt jarðlag, mjög blandað. Torfhrun?
010 Rauðblátt þunnt jarðlag sem er að öllum líkindum gamalt yfirborð ásamt gjósku frá Veiðivötnum 1717.
011 Mjög dökkleitt blandað fokefni.
012 Steingrátt óhreyft jarðlag.
013 Mjög dökkleitt blandað fokefni.
014 Brúngrátt óhreyft jarðlag
015 Svart misþykkt en frekar þunnt jarðlag sem er að öllum líkindum gjóska frá Veiðivötnum 1477.
016 Leirkennt óhreyft jarðlag með rauðgulum flekkjum.
017 Grátt jarðlag, sennilega óhreyft
018 Skurður eða rof

Sýnaskrá:

Ranns.nr	Sýna númer	Eining	Lýsing	Dags.	Nafn
2021- 48	1	011	Möguleg gjóska	25.08.2021	SÓ
2021- 48	2	013	Möguleg gjóska	25.08.2021	SÓ
2021- 48	3	015	Möguleg gjóska	25.08.2021	SÓ
2021- 48	4	010	Möguleg gjóska	25.08.2021	SÓ

Ljósmyndaskrá:

Ranns.nr	Heiti myndar	Dagsetning	Myndefni	Átt	Ljós-myndari
2021- 48	DSC02158	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02159	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02160	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02161	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02162	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02163	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02164	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02165	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02166	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02167	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02168	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	NA	SÓ
2021- 48	DSC02169	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	NA	SÓ
2021- 48	DSC02170	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02171	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02172	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02173	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02174	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02175	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02176	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02177	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02178	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02179	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02180	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02181	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02182	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02183	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02184	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02185	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02186	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02187	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02188	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02189	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02190	24.08.2021	Suðaustursnið skurðar	SA	SÓ
2021- 48	DSC02192	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02193	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02194	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02195	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02196	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02197	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02198	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02199	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02200	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02201	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02202	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02203	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02204	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02205	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02206	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ

Ranns.nr	Heiti myndar	Dagsetning	Myndefni	Átt	Ljós-myndari
2021- 48	DSC02207	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02208	24.08.2021	Norðvestursnið skurðar	NV	SÓ
2021- 48	DSC02209	24.08.2021	Flóðgarður milli yngri og eldri vegtenginga	NV	SÓ
2021- 48	DSC02210	24.08.2021	Flóðgarður milli yngri og eldri vegtenginga	SV	SÓ
2021- 48	DSC02211	24.08.2021	Vinnumynd af skurði	NA	SÓ
2021- 48	DSC02212	24.08.2021	Vinnumynd af skurði	NV	SÓ
2021- 48	DSC02213	24.08.2021	Vinnumynd af skurði	NV	SÓ
2021- 48	DSC02214	24.08.2021	Vinnumynd af skurði	SA	SÓ
2021- 48	DSC02215	24.08.2021	Vinnumynd af skurði	SA	SÓ
2021- 48	DSC02216	24.08.2021	Vinnumynd af skurði	NV	SÓ
2021- 48	DSC02217	25.08.2021	Sýnataka í skurði	NV	SÓ
2021- 48	DSC02218	25.08.2021	Vinnumynd	SV	SÓ
2021- 48	DSC02219	25.08.2021	Vinnumynd	SA	SÓ
2021- 48	DSC02220	25.08.2021	Vinnumynd	NV	SÓ
2021- 48	DSC02221	25.08.2021	Vinnumynd	SA	SÓ
2021- 48	DSC02222	25.08.2021	Vinnumynd	SA	SÓ
2021- 48	DSC02223	25.08.2021	Vinnumynd	V	SÓ
2021- 48	DSC02224	25.08.2021	Annar flóðgarður sunnan við þann sem var rannsakaður	V	SÓ
2021- 48	DSC02225	25.08.2021	Yngri og eldri vegtenging Arnstapavegar við þjóðveg nr. 1	N	SÓ